

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

FUNDARGERÐ

178. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn í Félagsheimilinu Hvoli, fimmtudaginn 7. apríl 2016 kl. 10:00.

Mætt: Ágúst Ingi Ólafsson, Egill Sigurðsson, Sigfús Davíðsson, Ómar Sigurðsson, Bjarni Jón Matthíasson, Ísólfur Gylfi Pálmason og Guðmundur Einarsson.

Ágúst Ingi Ólafsson setti fund og stjórnaði honum.

Guðmundur Einarsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Yfirlit um rekstur og fjármál Sorpstöðvarinnar.
Guðmundur Einarsson fór yfir rekstur Sorpstöðvarinnar janúar til febrúar 2016.
2. Tölvubréf frá Gámaþjónusunni varðandi skipulag í flokkunarstöð og verð á tækjum.
Taka þarf afstöðu til þess hvort Sorpstöðin vill fjárfesta í gámum og tækjum.
Ákveðið að fresta ákvörðun um kaup á tækjum til notkunar inni í flokkunarhúsinu.
Formanni falið að kanna og ganga frá kaupum á gámum frá Gámaþjónustunni.
Ákveðið að láta kurla timburhaug á Strönd og leita hagstæðustu lausna við það verkefni. Einnig að kanna möguleika á afstetningu á kurlinu. Gámaþjónustan hefur boðið Sorpstöðinni krókbíl til kaups. Ákveðið var að taka því tilboði ekki, en leita þess í stað til Gámastöðvarinnar varðandi afnot af slíkum bíl.
3. Önnur mál.
Bjarni Jón kynnti umhirðu á gámasvæðum og benti á að reynslan sýndi að eftirlitsmyndavélar á svæðunum leiddu til betri umgengi á þeim. Þá hvatti hann til að gámar yrðu sendir heim á bæi í vor-og hausthreinsunum frekar en að láta þá standa eftirlitslausa á mörgum gámasvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 11,15.

